

11.3.2013

Alþingi
Erindi nr. P 141/1919
komudagur 10.3.2013

Ágæti viðtakandi.

Meðfylgjandi er umsögn bæjarstjórnar Seltjarnarness varðandi breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna.

Samanber tölvupóst frá nefndarsviði Alþingis dags. 20. febrúar 2013.

„Bæjarstjórn Seltjarnarness gerir athugasemd við stuttan umsagnarfrest um frumvarpið sem felur í sér umtalsverðar breytingar frá núverandi kosningafyrirkomulagi til sveitarstjórna. Slíkar breytingar kalla á vandaða lýðræðislega umræðu og umfjöllun enda mikilvægt að um slíkar breytingar ríki sem best samstaða.

Bæjarstjórn Seltjarnarness styður þann megintilgang frumvarpsins að auka vægi persónukjörs til sveitarstjórna sem veitir kjósendum aukna möguleika til áhrifa á hvaða einstaklingar veljast til setu og ábyrgðar í sveitarstjórnnum.

Bæjarstjórn Seltjarnarness tekur undir hugmynd Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fram kemur í umsögn (dags. 16. september 2009) um að gefa nokkrum sveitarfélögum kost á að gera tilraun með breytt kosningafyrirkomulag áður en tekin verður ákvörðun um lögfestingu. Þannig kæmi reynsla á framkvæmd hins nýja fyrirkomulags og færi gefst á að sníða hugsanlega agnúa af framkvæmdinni sem er í ýmsu mun flóknari en núverandi fyrirkomulag.

Bæjarstjórn Seltjarnarness telur eðlilegt að ríkið bæti, eða komi a.m.k. til móts við, kostnaðarauka sem frumvarpið hefur í för með sér, ekki síst hvað varðar kynningu til íbúa".

f.h. bæjarstjórnar

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri.

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri
Bæjarskrifstofur Seltjarnarness
Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi
Sími / Tel: +354 5959-105
Gsm/Mobile +354 861-9085
fax: 5959-101